

# Hverfisnefnd Naustahverfis

## 56. fundur, 24. feb. 2014

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gunnar Valur Eyþórsson, Ómar Ívarsson, Þóroddur Eiríksson, Bjarni Sigurðsson og Gísli Rúnar Magnússon

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

### 1. Naustahverfi 3, Hagahverfi

Stór hluti nefndarmanna mætti á kynningarfund um skipulagsmál vegna nýs íbúðahverfis í Naustahverfi mánudaginn 10. febrúar í bæjarstjórnarsal. Tillaga að deiliskipulagi hefur ekki farið í auglýsingu, en að öllu óbreyttu mun nefndin ekki mótmæla henni.

### 2. Framboðsfundur í vor

Hverfisnefnd hefur áhuga á að halda framboðsfund með fulltrúm þeirra flokka sem koma til með að bjóða fram í sveitarstjórnarkosningunum í vor líkt og við gerðum fyrir kosningarnar 2010. Stefnum að því að hafa fundinn fyrstu vikuna í maí. Sendum þeim spurningalista 2-3 vikum fyrir fund.

### 3. Vorhátíð Naustahverfis

Ágúst skólustjóri Naustaskóla kom með fyrirspurn um vorhátíð Naustahverfis, tímasetningu hennar og aðkomu nefndarinnar. Skv. venju er gert ráð fyrir henni í lok maí. Á skóladagatali þessa árs er gert ráð fyrir henni miðvikudaginn 28. maí (Uppstigningardagur á fimmtudeginum). Á drögum að skóladagatali næsta árs er gert ráð fyrir henni á fimmtudegi eða föstudegi, 28. eða 29. maí. Hverfisnefnd leggur til að hún verði haldin á fimmtudegi. Hverfisnefnd reiknar með að sjá um að útvega og grilla pylsur fyrir gesti og gangandi.

### 4. Leikskólinn Naustatjörn - hverfisleikskóli

Vegna fyrirspurnar blaðamanns Vikudags um það hvort nefndinni hefði borist erindi frá fólki í hverfinu um að börn úr hverfinu fengju ekki forgang um leikskólapláss á Naustatjörn var þetta mál tekið til umfjöllunar. Hverfisnefnd hefur ekki borist formlegt erindi vegna þessa.

### 5. Umhverfisátak 2014

Framkvæmdaráð ákvað föstudaginn 14. febrúar þau verkefni sem farið verður í á árinu 2014. Upphæð sem veitt er til nefnda og ráða er óbreytt frá árinu 2013. Lokafrestur nefnda/ráða til að skila tillögum til framkvæmdaráðs til samþykktar er svo 7. mars 2014.

Hverfisnefnd Naustahverfis ætlar að eyða sínu fjármagni í hverfisvöll við Ljómatún.

Ath! Framkvæmdaráð óskar eftir því að formaður eða fulltrúi nefnda/ráða mæti til fundar föstudaginn 28. febrúar kl. 8:15 þar sem hægt verður að fara betur yfir málið.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:30. Næsti fundur áætlaður 17. mars kl. 20:00 á Naustatjörn.